

Alþingi  
Erindi nr. þ 122/1674  
komudagur 2.4.198



Félagsmálanefnd Alþingis  
Kristín Ástgeirsdóttir formaður

Laugarvatni, 31. mars 1998


Eins og kunnugt er varð Íþróttakennaraskóli Íslands hluti af hinum nýja Kennaraháskóla Íslands um síðustu áramót.


Kennaraháskóli Íslands hefur fullan hug á að efla starfsemi íþróttaskorar á Laugarvatni og byggja þar upp menntun á sviði íþróttar. Til að svo geti orðið þurfa ýmsar forsendur að breytast á Laugarvatni. Ein mikilvægasta forsenda þess að hægt verði að byggja Laugarvatn upp og gera staðinn að háskólabæ er að þar rísi námsmannagarðar og þá m.a. hjónagarðar. Í dag er heimavist við skólann sem rúmar 58 nemendur en þá eru tveir nemendur saman á herbergi. Margir núverandi nemendur skólans eru mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag og vilja búa einir. Næsta vetur verða 72 nemendur í íþróttaskor KHÍ og það verður erfitt að finna viðunandi húsnæði fyrir alla þessa nemendur á Laugarvatni. Þess má einnig geta að nýnemar sem byrja í íþróttaskor í haust fara í 3 ára B.Ed. nám.

Fyrir Alþingi liggur nú nýtt frumvarp til laga um húsnæðismál. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður Verkamanna verði lagður niður í núverandi mynd. Lán úr þessum sjóði hafa meðal annars verið notuð til að fjármagna byggingu námsmannagarða, þar á meðal fjölbýlishús sem Byggingafélag Námsmanna tók nýlega í notkun á lóð Kennaraháskólans við Stakkahlíð.

Þeirri spurningu er beint til félagsmálanefndar Alþingis hvort unnt verði samkvæmt fyrrgreindu lagafrumvarpi að fá lán úr hinu félagslega húsnæðiskerfi til byggingar námsmannagarða á hliðstæðum kjörum og úr Byggingarsjóði Verkamanna. Ef svo er ekki þarf að finna aðrar leiðir til að fjármagna byggingu námsmannagarða. Ein megin forsenda háskólastofnunar á Laugarvatni er bygging námsmannagarða og má í því sambandi vísa til uppbyggingar Samvinnuháskólans á Bifröst.

Virðingarfyllst,

  
Erlingur Jóhannsson  
skorarstjóri íþróttaskorar  
Kennaraháskóla Íslands

  
Þórir Ólafsson rektor  
Kennaraháskóla Íslands